

# STARFSLÝSING

Svið

**Velferðarsvið**

Starfsheiti

**Þroskajálfi/málefni fatlaðra**

Stéttarfélag

**ÞÍ**

Annað:

Vinnustaður

**Þjónusta fyrir fatlaða einstaklinga**

Starfsheiti næsta yfirmanns

**Forstöðumaður**

Ístarf númer

**Skráð Ístarfsnúmer**

## Almennt um starfið

### Markmið og tilgangur starfs

Áhersla er lögð á einstaklingsmiðaða og sveigjanlega þjónustu. Markmiðið er að gera einstaklingum kleift að búa á eigin heimili, stunda vinnu og njóta menningar og félagslífs. Þjónustan miðast við að efla færni, auka sjálfstæði, stuðla að jákvæðri sjálfsmynd og auka lífsgæði þjónustunotenda.

Leitast er við að koma til móts við þarfir hvers og eins og laga þjónustuna að breytilegum þörfum og aðstæðum viðkomandi á hverjum tíma. Virða ber sjálfræði einstaklinga og hafa velferð þeirra að leiðarljósi.

### Verksvið eða megin verkefni starfsins

Hvetur og styður þjónustunotendur til sjálfshjálpar og félagslegrar virkni.

Leiðbeinir þjónustunotendum og aðstoðar þá við heimilishald og dagleg störf eftir því sem við á og þörf krefur.

Leiðbeinir þjónustunotendum og aðstoðar þá í læknisheimsóknum og ferðum til annara sérfræðinga.

Fræðir nýtt starfsfólk og leiðbeinir því.

Skipuleggur einstaklingsáætlanir í samráði við forstöðumann/deildarstjóra.

Ber ábyrgð á að einstaklingsáætlanir íbúa séu endurskoðaðar á 3 mánaða fresti og að upplýsingar séu skráðar þar sem það á við í samráði við forstöðumann/deildarstjóra.

Hefur yfirsýn yfir þá þjónustu sem þjónustunotendur fá.

Tekur þátt í teymisvinnu með öðrum starfsmönnum.

Tekur þátt í þróunarstarfi undir stjórn forstöðumanns.

Tekur þátt í samstarfi við aðstandendur í samráði við forstöðumann/deildarstjóra.

Önnur þau störf sem starfsmanni kunna að vera falin af yfirmanni.

## Ábyrgð í starfi

Ber ábyrgð á að virkja einstaklinga til sjálfstæðis, veita persónulega þjónustu og stuðning í daglegu lífi einstaklinga sem sniðin er að þörfum og væntingum hvers og eins.

---

## Grunnkröfur

### Menntun og/eða réttindi sem krafist er:

Íslenskt starfsleyfi sem þroskaþjálfari

### Reynsla sem krafist er:

Reynsla af starfi með fötluðum.

### Hæfni sem krafist er:

Hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum.

### Samskiptafærni og samstarfsaðilar í starfinu:

Þroskaþjálfari hefur samskipti við starfsmenn Velferðarsviðs, aðstandendur þjónustunotenda og starfsmenn stofnana innan og utan Reykjavíkurborgar.

### Vinnuaðstæður:

Sambýli / skammtí mavistun / dagþjónusta fyrir fatlaða einstaklinga.

### Annað:

Reykjavík, maí 2011

---

Undirskrift yfirmanns